



Alþingi
Erindi nr. P 133/34
komudagur 3.11.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félagsmálanefnd

Reykjavík 2. nóvember 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0610333SA SOK
Tilv.: 200

Efni: Frumvarp til laga um gatnagerðargjald

Frumvarp til laga um gatnagerðargjald er nú til umfjöllunar í félagsmálanefnd Alþingis. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 17/1996 um gatnagerðargjald.

Í lögnum er að finna ákvæði 1 til bráðabirgða sem er svohljóðandi:

„1. Lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við innan tíu ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir gildistöku laga þessara.“

Þær lagagreinar sem vitnað er til, þ.e. 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 eru svohljóðandi: „3. gr. Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags.

4. gr. Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“

Með þessum lagagreinum var sveitarfélögum gert kleift að innheimta svokölluð B-gatnagerðargjöld af eignum fasteigna við þær götur þar sem ekki var búið að leggja bundið slitlag eða það hafði verið gert á síðustu fimm árum. Innheimta þessa gjalds var forsenda þess að sveitarfélögin hefðu fjárhagslegt bolmagn til að leggja bundið slitlag á eldri götur þar sem fasteignareigendur höfðu ekki greitt gatnagerðargjöld. Jafnframt stuðlaði þetta að jafnræði milli eigenda nýrra og gamalla fasteigna en



gatnagerðargjöld voru almennt ekki tekin upp fyrr en með gildistöku laga nr. 51/1974. Áður höfðu þó verið í gildi sérlæg um gatnagerð í einstaka þéttbýlisstöðum.

Sveitarfélögin hafa nýtt sl. 10 ár til að leggja bundið slitlag og gangstéttir, þar sem slíkt hafði ekki áður verið gert og innheimt B-gatnagerðargjöld á grundvelli framangreindra heimilda. Nú er svo komið að 10 ára tímabilið er á enda og fellur heimildin niður að óbreyttu um næstu áramót. Ýmis sveitarfélög hafa hins vegar ekki enn náð að leggja bundið slitlag og gera gangstéttir þar sem þörf er á. Enn eru því malarvegir við húsagötur. Á þetta einkum við á smærri þéttbýlisstöðum. Ýmsar ástæður liggja að baki því að ekki hefur reynst unnt að klára þessi verk á framangreindu 10 ára tímabili. Einkum má kenna um fjárskorti sveitarfélaganna sjálfra en einnig hefur efnahagsástand ýmissa samfélaga verið bágborið og því ekki náðst samstaða um að ráðast í dýrar framkvæmdir þótt þörfin hafi verið brýn. Sambandinu hafa borist erindi og fregnir frá ýmsum sveitarfélögum þar sem óskað er eftir því að það beiti sér fyrir því að framangreind heimild verði framlengd.

Málið var tekið fyrir í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 27. september sl. þar sem eftirfarandi var bókað:

“11 Endurskoðun laga um gatnagerðargjald - 0604153SA

Lagður fram tölvupóstur frá sveitarstjóra Djúpavogshrepps þar sem hann beinir því til stjórnar sambandsins að hún beiti sér fyrir því að bráðabirgðaákvæði um B-gatnagerðargjald í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 verði framlengt. Samþykkt var að beina því til félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að framangreint ákvæði verði framlengt um 3 ár.”

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir að félagsmálanefnd Alþingis breyti framlögðu frumvarpi til laga um gatnagerðargjöld, 219, mál, í samræmi við bókun stjórnar þess.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri